

Mál nr. 158/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnureksturs K

Þakpappi fauk á bifreið og skemmdi hana þ. 14.3.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.4.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 27.5.2015.

Málsatvik.

M lagði bifreið sinni við Egilshöll í Reykjavík. Þakpappi rifnaði af þaki Egilshallar í miklu roki og fauk á bifreið M og olli skemmdum á henni. M krefst bóta vegna skemmdanna á bílnum úr ábyrgðartryggingar K hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að ofsaveður hafi geisaði umræddan dag og það hafi valdið því að þakpappi hafi rifnað af þaki Egilshallar í umrætt sinn og ekki sé um sök vátryggingartaka að ræða eða saknæms vanbúnaðar á fasteign K.

Álit.

Þann dag sem umrætt atvik var ofsaveður í Reykjavík og mesti vindstyrkur í næstu veðurathugunarstöð við Egilshöll mældist yfir 44 metrar á sekúndu. Ekki hefur verið sýnt fram á sök K í málinu eða að um vanbúnað hafi verið að ræða á fasteign K. Verður tjón á bifreið M því rakið til veðuraðstæðna sem K verður ekki talinn bera ábyrgð á. M á því þegar af þeim ástæðum ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 16.6. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.